

Fimmtudaginn 11. desember 1997.

Nr. 201/1997.

Helgi Örn Frederiksen

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Sigurði Hólm Ívarssyni

(enginn)

Skriflega flutt mál. Stefhubirting. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 326.253 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1994 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki látið málið til sín taka.

Málið hefur verið flutt skriflega samkvæmt 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1994.

Í héraðsdómsstefnu, héraðsdómi og áfrýjunarstefnu er stefndi nefndur Símon Hólm Ívarsson. Í greinargerð fyrir Hæstarétti kveður áfrýjandi þessa nafnritun vera komna til af mistökum, því að stefndi heiti með réttu Sigurður Hólm Ívarsson.

Í áfrýjunarstefnu er heimili stefnda sagt vera að Mánagötu 14 í Reykjavík. Í vottorði stefnuvotts um birtingu stefnunnar segir, að lögheimili stefnda sé á nefndum stað, en aðsetur að Miklubraut 1 í Reykjavík. Tilgreint heimilisfang sé dvalarstaður stefnda. Segir síðan, að stefnan hafi verið birt að Miklubraut 1 fyrir Erlu Vignisdóttur, sem tengist stefnda með því að vera „forstöðukona heimilisins SÁÁ-heimili“. Af vottorði stefnuvotts verður ekki ráðið, hvaða heimild sé fyrir því, að stefndi hafi átt dvalarstað að Miklubraut 1 við birtingu stefnunnar, en af hljóðan vottorðsins verður ekki séð, að þetta sé haft eftir nefndri Erlu. Af því, sem segir um tengsl Erlu við stefnda, verður engan veginn séð, að hún geti talist til heimilis-manna hans í þeim skilningi, sem um ræðir í b-lið 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991. Af þessum sökum hefur lögsmæt birting áfrýjunarstefnu ekki farið fram. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Málkostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

—